



Bráðabirgðalög um skipun utanríkimála, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Bráðabirgðalög um skipun utanríkimála

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-3, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bráðabirgðalög.

um skipun utanríkismála.

1. gr.

Með utanríkismál fer sérstakt ráðuneyti í Reykjavík, er nefnist utanríkisráðuneytið.

2. gr.

Starfsmenn utanríkisráðuneytisins eru sumpart starfsmenn utanríkisráðuneytisins í Reykjavík, sumpart starfsmenn í öðrum löndum.

3. gr.

Sendiráð eru á þessum stöðum: -----

Forstjórnarmenn sendiráða eru sendiherrar (envoyé extraordinaire et ministre plenipotentiaire) eða sendifulltrúar (chargé d'affaires), og eru skipaðir af ríkisstjórninni.

Er ríkisstjórnin telur eskilegt, má fela forstjórnarmanni sendiráðs að veita forstöðu sendiráðum í fleiri löndum en einu.

Ráðherra skipar starfsmenn sendiráða, aðrir en sendiherra, sendifulltrúa, aðalráðismenn og ráðismenn.

4. gr.

Ráðismenn eru sumpart sendir út af utanríkisráðuneytinu (útsendir aðalráðismenn, ráðismenn og vararáðismenn), eða kjörnir meðal þeirra manna, er hafir þykja (kjöraráðismenn), á þeim stöðum erlendis, er ríkisstjórnin telur eskilegt.

5. gr.

Útsendir ráðismenn eru á þessum stöðum: -----

6. gr.

Laun sendiherra skulu vera 10000 kr. Laun sendifulltrúa og útsendra aðalráðismanna skulu vera 8000 kr. Laun útsendra ráðismanna skulu vera 6000 kr. Laun útsendra vararáðismanna skulu vera

4200 kr. Auk þess skulu útsendir menn fá greiddan kostnað við embættið, sem ríkisstjórnin ákveður í hverju einstöku tilfalli með tilliti til kostnaðar við lífsviðurværi, húsaleiðu og annað á hverjum stað.

7. gr.

Ríkisstjórnin skipar aðalræðismenn og ræðismenn, sem kjörnir eru.

Ráðherra skipar vararæðismenn, sem kjörnir eru.

Kjöræðismenn geta verið aðrir en íslenskir ríkisborgarar, en þó skulu íslenskir ríkisborgarar sitja fyrir, þegar skilyrði eru fyrir hendi.

Kjöræðismenn taka engin laun.

8. gr.

Nú starfa tveir eða fleiri fulltrúar fyrir utanríkisráðuneytið í sama landi, og setur þá ráðherra fyrirmæli um embættisafstöðu þeirra hvor til annars með tilliti til dvalarstaðar, þekkingar og persónulegra ástæðna.

Falið skal sendiráðum að annast ræðismannsstörf jafnframt öðrum störfum.

9. gr.

Útsendum starfsmönnum, sem veita forstöðu sendiráðum eða ræðismannsskrifstofum, er heimilt að framkvæma þau störf í undanum sínum, sem notarius á Íslandi, er publicus fer með ~~XXXXXX~~ varða löggæringa íslenskra ríkisborgara og einnig, ef annar aðilinn er útlendur ríkisborgari. Skjöl, sem gefin eru út í því sambandi á löglegan hátt, skulu hafa sama gildi á Íslandi og notarialskjöl, sem þar eru gefin út.

Ef ástæður mæla með því, getur ráðherra veitt ræðismönnum, sem kjörnir eru, sömu heimild og ræðir um í fyrri málgr. þessarar greinar.

10. gr.

Kostnaður samkv. lögum þessum, þ.á m.

skrifstofukostnaður við sendiráð og ræðismanns-
skrifstofur, greiðist úr ríkissjóði.

11. gr.

Ákvæði 10. gr. gilda ekki um kjöræðis-
menn. Þó er ráðherra heimilt, ef mjög ríkar
ástæður eru fyrir hendi, að veita ræðismönnum
þessum allt að 2000 kr. til skrifstofukostnaðar.

12. gr.

Fyrir embættisverk starfsmanna utanríkis-
ráðuneytisins skal greiða gjald eftir nánari fyrir-
málum, sem ráðherra setur.

13. gr.

Ríkisstjórnin setur almennar starfsreglur
fyrir starfsmenn utanríkisráðuneytisins, ákveður
starfsvið þeirra og gefur þeim erindisbréf.

14. gr.

Lög þessi þölast-----.